

## RE: Vegna lokunar á Brákarbraut 25

**Til** : Flosi Sigurðsson <flosihrafn@gmail.com>  
**Frá** : Þórdís Sif Sigurðardóttir  
**Heiti** : RE: Vegna lokunar á Brákarbraut 25  
**Málsnúmer** : 2102065  
**Málsaðili** : Slökkvilið Borgarbyggðar  
**Skráð dags** : 17.03.2021 21:19:37  
**Höfundur** : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [image001.png](#)[image001.png](#)

Sæll Flosi,

Ég vil þakka þér fyrir erindi þín fyrir hönd körfuknattleiksdeildar Skallagríms, dags. 17. febrúar sl. þar sem fram koma athugasemdir við fyrirvaralausá lokun aðstöðu nytjamarkaðarins í Brákarey. Við skiljum að lokunin hafi mikil áhrif á starfsemi nytjamarkaðarins og aðra starfsemi í húsnaðinu. Þykir okkur fyrir því að svo hafi þurft að vera, en eins og þú ert meðvitaður um gerðu eftirlitsaðilar kröfu um að starfsemi yrði ekki heimil í húsnaðinu og því höfum við ekki heimild til að gera breytingar þar á.

Borgarbyggð hefur litið á leigusamningana við félagasamtök með aðstöðu húsnaði sveitarfélagsins í Brákarey sem samfélagslegt verkefni. Leigutakar hafa flestir fengið húsnaðið endurgjaldslaust, sem mætti telja sem samfélagslegan styrk sveitarfélagsins til körfuknattleiksdeildarinnar. Enn fremur ber að nefna að ekki er til staðar leigusamningur við deildina. Nytjamarkaðurinn hefur þó verið þarna til húsa með vitund og vilja Borgarbyggðar.

Varðandi húsnaðið að Borgarbraut 55, þá er áætlað að áhaldahús Borgarbyggðar verði í húsnaðinu tímabundið, eða þar til framtíðaráform húsnaðismála áhaldahússins verða ákveðin. Samkvæmt skipulagi á að rífa húsnaðið að Borgarbraut 55 og byggja öðruvísi húsnaði. Ekki liggur fyrir hve lengi áhaldahúsið verður með aðstöðu í húsnaðinu né hvenær sala húsnaðisins til niðurrifa eða úthlutun lóðarinnar muni fara fram. En þegar þetta liggur fyrir er hægt að skoða beiðni ykkar og annarra aðila um notkun húsnaðisins.

Nú hefur húsnaðið verið tekið út af brunavarnarsviði og rafmagnsöryggissviði Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar og gerum við ráð fyrir fá skýrslur frá báðum sviðum í þessari viku. Enn fremur hefur sveitarfélagið samið við Verkís um úttekt á húsnaðinu og kostnaðarmat á þeim lagfæringum sem þarf að fara í til að húsnaðið uppfylli þær kröfur sem byggja á lögum um brunavarnir og skilmála byggingareglugerðar. Vinnu við úttekt á að ljúka föstudaginn 26. mars. Í kjölfar þess getur sveitarfélagið, í samráði við leigjendur, tekið ákvörðun um hvort og þá með hvaða hætti húsnaðið verði lagfært. Þegar skýrslurnar liggja fyrir munum við funda með leigjendum í húsnaðinu og fara yfir möguleikana í stöðunni. Það er jákvætt inn í þær samræður að þið séuð reiðubúin til að standa að einhverjum endurbótum með sveitarfélaginu til að koma húsnaðinu í starfhæft ástand.

Endilega hafið samband ef það eru frekari spurningar.



### Bestu kveðjur / Best regards

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
sveitarstjóri Borgarbyggðar / Mayor of Borgarbyggð  
? +354 433-7105  
[sveitarstjori@borgarbyggd.is](mailto:sveitarstjori@borgarbyggd.is) / [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is)  
[www.facebook.com/borgarbyggd](https://www.facebook.com/borgarbyggd)

---

**From:** Flosi Sigurðsson  
**Sent:** 17.02.2021 18:41:20  
**To:** Borgarbyggð sveitarstjóri  
**Subject:** Vegna lokunar á Brákarbraut 25

Sæl Þórdís

Meðfylgjandi er erindi körfuknattleiksdeildar Skallagríms vegna Brákarbrautar 25.

kv. Flosi